

**Fundargerð**

Fundarstaður: Microsoft Teams

Tími: 13.30

28. september 2022

Nr. 2. Stjórnarfundur 2022

Fundinn sátu:

Einar Bjarnason

Guðrún Ólafía Brynleifsdóttir

Hrönn Konráðsdóttir

Fjarverandi:

**Efni fundar****1. Heimsóknartölur**

Guðrún fór yfir heimsóknartölur fyrir sumarið 2022. Það heimsóttu okkur 5.225 gestir. Í júní komu 1.409 gestir þar af 293 innlendir eða 20,8% og erlendir gestir voru 1.116 eða 79,2%. Heildar gestafjöldi í júlí voru 1.868 þar af 656 innlendir eða 35,1%. Fjöldi erlenda gesta í júlí var 1.212 eða 64,9%. Í ágúst komu 1.948 gestir þar af 535 innlendir eða 27,5% og 1.413 erlendir gestir eða 72,5%. Samtals komu gestir frá 43 löndum. Flestir frá Bandaríkjunum 840 talsins. Þar næst voru Frakkar, Íslendingar og Þjóðverjar.

Almennt gekk sumarið vel en stjórnarmenn fá senda sumarskýrslu sem er skrifuð af starfsmönnum bæjarins. Farið verður yfir hana síðar.

**2. Stokkar og Steinar - framkvæmdir**

Framkvæmdir á austur gaflí Þjóðveldisbæjarins hófust í sumar. Fyrsta verkefnið var að stinga upp torf og var það gert í júní. Þann 19. September hófst niðurrif á gaflinum, þá kom í ljós að steypiti veggurinn var bara 2 metrar sem útskýrir af hverju gaflinn er svona illa farinn. Á sínum tíma hefur verið hlaðið beint upp, veggurinn inn í húsinu er alveg þurr en útveggurinn blautur og togar í innri vegginn. Ákveðið var að taka ekki hornin á bænum þar sem talið var að það gæti gert bygginguna ótraustari. Gert er ráð fyrir að verkið taki nokkrar vikur a.m.k. út október. Kostnaðaráætlun stendur. Landsvirkjun (Búrfell) lánaði dráttarvél og vagn í verkefnið.

**3. Fjárhagsáætlun 2023**

Guðrún fór yfir drög að fjárhagsáætlun fyrir árið 2023. Gert er ráð fyrir að skoða þurfi kostnað vegna framkvæmda sérstaklega og með tilliti til framkvæmda í ár. Fjárhagsáætlun verður uppfærð.

**4. Rekstrarform og máldagi**

Rætt var um rekstrarform Þjóðveldisbæjarins. Í dag er það þannig að sveitarfélagið Skeið og Gnúpverjahreppur tekur að sér að opna bæinn yfir vetrartímann, þegar að bærinn er lokaður. Veruleg aukning hefur verið á fyrirspurnum utan opnunartíma, vikulegar heimsóknir það sem af er hausti. Guðrún upplýsti stjórnarmenn um að Landsvirkjun vildi minnka framlög til bæjarins en í dag er Landsvirkjun að greiða rekstrarstyrk til bæjarins auk launa og launatengdra gjalda. Þá eru ekki talin með þau gjöld sem eru ekki sýnileg á ársreikningi eins og laun gjaldkera og bókara, laun verkefnastjóra og annarra starfsmanna hjá Landsvirkjun.



Lagt var til að auglýsa eftir rekstraraðila og var það samþykkt. Rætt var um að peningurinn sem Þjóðveldisbærinn á inn á banka yrði nýttur til framkvæmda og viðgerða á bænum. Að hússtjórnin héldi áfram sínu starfi að því leyti sem tengist framkvæmdum og viðhaldi. En rekstraraðili sæi um rekstur bæjarins og þróun á þjónustu, innan vissra marka. Gert er ráð fyrir að farið verði vel ofan í málin í samningi milli aðila, hlutverk og ábyrgð, lágmarks opnunartími o.s.frv. Gert er ráð fyrir að rekstraraðili leigi bæinn og að leigutekjur verði einnig nýttar í framkvæmdir, auk framlags frá menningar og ferðamálaráðuneytinu.

Hrönn ætlar að senda stjórninni upplýsingar um sambærileg verkefni hjá Þjóðminjasafninu, drög að samningi til að byggja á og leigutekjur.

Unnin voru drög að verk- og tímaáætlun, Guðrún mun klára að setja áætlunina upp og senda á stjórn tillögu að auglýsingu og birtingum.

Guðrún ræddi um viðhorf Landsvirkjunar og vilja til að breyta máldaga út frá framlögum Landsvirkjunar. Ákveðið var að stjórnarmeðlimir myndu gefa sér tíma til að rýna máldaga og senda Guðrúnu tillögur að breytingum, sem tekur þær saman og sendir á stjórn.

Í framhaldi af umræðum voru boðaðir tveir stjórnarfundir í október. En þeir verða nýttir til að fara yfir tillögur á breytingu á máldaga og fara yfir verk- og tímaáætlun og auglýsingu og birtingaplan.

## 5. Annað

Stjórnin ræddi um nauðsyn þess að skrifa handrit fyrir starfsfólkið og verðandi rekstraraðila. Þjóðminjasafnið hefur reynslu af slíkum verkefnum og tók því Hrönn að sér að skrifa handrit fyrir Þjóðveldisbæinn. Gert er ráð fyrir að handritið verði tilbúið í febrúar 2023.

Fleira var ekki rætt.

Fundi slitið kl. 15.00

Fundarritari: GÓB